

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.  
Málkostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. desember 1951.

Nr. 72/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)  
gegn  
**Ingibirni Eggertssyni** (Ragnar Jónsson).

Stuldur.

### Dómur Hæstaréttar.

Vasahnífur sá, er ákærði hafði á brott með sér og getið er í héraðsdómi, var lagður fram, þegar málið var flutt fyrir Hæstarétti. Er þetta gamall hnífur, verðlaus að kalla. Að þessu athuguðu telst brot ákærða varða við 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. og 255. gr. sömu laga. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingibjörn Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Guðlaugssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. marz 1951.

Ár 1951, föstudaginn 2. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara kveðinn

upp dómur í málinu nr. 681/1951: Ákærvaldið gegn Ingibirni Eggertssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Ingibirni Eggertssyni sjómanni, Máfahlíð 15 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. sbr. III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júlí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1942 4/11 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögrsp. Reykjavíkur.
- 1943 6/5 Sátt, 300 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir árás.
- 1943 30/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar án ljóss og bjöllu.
- 1944 30/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1945 12/2 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 21/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 29/3 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
- 1945 31/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 8/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 5/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 13/11 Sátt, 200 kr. sekt og 245 kr. skaðabætur fyrir ölvun á almannafæri, óspektir og rúðubrot.
- 1946 16/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 6/6 Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 26/7 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 4/5 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 23/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 24/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 17. gr., 1. mgr., sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaga
- 1947 30/9 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 29/10 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 18/11 Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, áfengislögum og lögrsp. Rvíkur. Staðfest í Hæstarétti 18/3 1948.
- 1947 12/12 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 1948 27/1 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun, óspektir og spell. 350 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1948 22/5 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1948 11/9 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
- 1948 6/11 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1948 29/11 Rvík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Látið falla niður.
- 1948 2/12 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 12/5 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1949 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögum og lögrsp. Rvíkur.

1950 7/5 Rvík. Kærður fyrir rúðubrot. Kærður greiddi 30 kr. skaðabætur. Málið fellt niður.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 21. desember s.l. var ákærði nokkuð ölvaður og gekk á bak við húsið nr. 5 við Ingólfsstræti hér í bæ. Hann steig þar upp á tunnu og af henni fór hann upp á skúr, þaðan náði hann upp í glugga á salerni í greindu húsi. Hann braut rúðuna í glugganum og fór inn um hann. Síðan kveikti hann ljós og fór inn í eldhúsið. Þar tók hann hníf og stakk honum í vasa sinn. Hann fór því næst í gegnum lúgu og inn í kaffistofu. Var hún læst, og fór hann þá aftur gegnum lúguna inn í eldhúsið. Á borði þar fann hann lykil og opnaði hann hurð á milli eldhússins og skrifstofunnar með lyklinum. Í skrifstofunni opnaði hann nokkrar ólæstar skúffur, en tók ekkert úr þeim. Í skonsu út af skrifstofunni tók hann frakka og úlpu og fór með hvorttveggja inn í skrifstofuna en skildi eftir þar. Síðan hélt ákærði út úr húsinu um hinn brotna glugga. Var hann þá handtekinn af lögreglumönnum, sem komið höfðu auga á hann, þegar hann var að fara út um gluggann.

Ákærði hefur haldið fast við það, að hann geti ekki gert sér grein fyrir, hver hafi verið raunverulegur tilgangur hans með framangreindu innbroti sínu, hvort hann hafi ætlað sér að slá eign sinni á verðmæti í húsinu eða ekki. Hefur hann enga skýringu gefið á flutningi frakkans og úlpunnar milli herbergjanna og töku hans á hnifnum.

Samkvæmt málsatvikum, eins og þeim hefur verið lýst hér að framan, þykir nægileg sönnun vera fyrir því, að ákærði hafi með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 244. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða með tilliti til fyrri afbrota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ingibjörn Eggertsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.